



Hjálparstarf kirkjunnar (Hk) safnar eftirfarandi persónuupplýsingum

Starfsmenn

Nafn, kyn, kennitala, heimilisfang, símanúmer, netfang, tölvupóstur, samskiptasaga, bankaupplýsingar, launaseðlar, ráðningarsamningar og fleiri gögn tengd ráðningarsambandi.

Skjólstæðingar innanlandsdeildar

Nafn, kyn, hjúskaparstaða, kennitala, heimilisfang, símanúmer, netfang, tölvupóstur, samskiptasaga, bankaupplýsingar, upplýsingar um tekjur og gjöld.

Styrktaraðilar

Nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer, netfang, tölvupóstur, samskiptasaga, bankaupplýsingar.

Keypt gjafabréf og minningarkort

Nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer, netfang, tölvupóstur, samskiptasaga, bankaupplýsingar.

Margt smátt... fFréttablað

Nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer, netfang.

Tilgangur með söfnun persónuupplýsinga

Starfsmenn

Greiða laun og önnur ráðningatengd gjöld.

Skjólstæðingar innanlandsdeildar

Veita stuðning bæði fjárhagslega og með öðrum hætti (ráðgjöf og námskeið).

Styrktaraðilar

Veita viðtöku stuðningi og upplýsingar um greiðslur.

Keypt gjafabréf og minningarkort

Veita viðtöku stuðningi og upplýsingar um greiðslur.

Fréttablað Margt smátt...

Veita upplýsingar um starf stofnunarinnar í gegnum heimsent fréttablað.

Lagalegur grundvöllur fyrir vinnslu

Hk safnar og vinnur persónuupplýsingar byggt á heimildum sem veittar eru í lögum til að geta aflað stuðnings við starfið og veitt þá þjónustu sem í boði er.

Geymsla persónuupplýsinga

Hk geymir persónuupplýsingar í þann tíma sem nauðsynlegur er til að uppfylla tilgang vinnslunnar eins og greint er frá honum hér að ofan.

Uppruni persónuupplýsinga

Hk safnar persónuupplýsingum frá þeim sem samþykkja að styrkja stofnunina, vilja fá fréttablað, vilja kaupa gjafabréf eða minningarkort og þeim sem leita aðstoðar. Eftir samþykki þeirra sem leita aðstoðar er leitað upplýsinga í þjóðskrá samkvæmt samningi þar að lútandi.

Miðlun persónuupplýsinga

Hk miðlar einungis persónuupplýsingum til þriðja aðila þar sem slíkt er skylt samkvæmt lögum eða ef um er að ræða þjónustuveitanda, umboðsmann eða verktaka sem ráðinn er af hálfu Hk til þess að vinna fyrirfram ákveðna vinnu. Í slíkum tilfellum gerir Hk vinnslusamning við viðkomandi aðila sem fær persónuupplýsingar. Samningar kveða meðal annars á um skyldu vinnsluaðila til að halda persónuupplýsingum öruggum og að nota þær ekki í öðrum tilgangi.

Hk deilir einnig persónuupplýsingum með þriðja aðila þegar slíkt er nauðsynlegt til að veita þann stuðning og ráðgjöf sem skjólstæðingur fær.

Persónuverndarstefna Hk nær ekki til upplýsinga eða vinnslu þriðja aðila sem við höfum enga stjórn á né berum ábyrgð á notkun, birtingu eða öðrum verkum þeirra.

Réttindi þeirra sem upplýsinga er safnað um

Það er réttur þeirra sem upplýsinga er safnað um að fá upplýsingar um hvaða persónuupplýsingar Hk hefur skráð, uppruna þeirra, hvernig unnið er með þessi gögn og óska eftir að persónuupplýsingar séu sendar til þriðja aðila. Einnig að óska eftir því að persónuupplýsingar séu uppfærðar og leiðréttar ef tilefni er til, að Hk eyði persónuupplýsingum ef ekki er málefnaleg eða lagaleg skylda til að varðveita þær og koma á framfæri andmælum til að takmarka eða koma í veg fyrir að unnið sé með persónuupplýsingar og fá upplýsingar um það hvort fram fari sjálfvirk ákvarðanatöku, á hvaða rökum slík ákvarðanatöku er byggð og endurskoðun á sjálvirkri ákvarðanatöku.

Hægt er að senda skriflega fyrirspurn á help@help.is. Við munum staðfesta móttöku og að jafnaði bregðast við beiðnum innan mánaðar frá móttöku.

Öryggi persónuupplýsinga og tilkynning um öryggisbrot

Öryggi í vinnslu persónuupplýsinga er mikilvægt og hefur Hk sett í gang aðgerðir varðandi viðeigandi tæknilegra og skipulagslegra öryggisráðstafana til að tryggja vernd persónuupplýsinga. Aðgangsstýringar eru viðhafðar þar sem aðeins þeir starfsmenn sem vinna með viðkomandi gögn vegna starfs síns hafa aðgang að þeim.

Komi upp öryggisbrot er varðar persónuupplýsingar, og teljist slíkt brot hafa í för með sér mikla áhættu fyrir frelsi og réttindi einstaklings, mun Hk tilkynna viðkomandi um það án ótilhlýðilegrar tafar. Í þessum skilningi telst öryggisbrot atburður sem leiðir til þess að persónuupplýsingar glatist eða eyðist, þær breytist, séu birtar eða óviðkomandi fái aðgang að þeim í leyfisleysi. Hk vekur athygli á því að þær persónuupplýsingar sem deilt er með Hk á samfélagsmiðlum, t.d. Facebooksíðu Hk teljast opinberar upplýsingar og ekki á forræði Hk þar sem Hk hefur enga stjórn á slíkum upplýsingum né ber ábyrgð á notkun eða birtingu þeirra.

Notkun á vafrakökum

Svokallaðar vafrakökur (cookies) eru notaðar á vefnum til að telja heimsóknir á vefinn og til þess að þekkja þá notendur sem koma aftur á vefinn.

Það er stefna Hk að lágmarka notkun á vafrakökum.

Hk notar [Google Analytics](#) og [Modernus](#) til vefmælinga. Við hverja komu inn á vefinn eru nokkur atriði skráð, svo sem tími og dagsetning, leitarorð, frá hvaða vef er komið og gerð vafra og stýrikerfis. Þessar upplýsingar má nota við endurbætur á vefnum og þróun hans, t.d. um það efni sem notendur sækjast mest eftir og fleira. Engum frekari upplýsingum er safnað og ekki er gerð tilraun til að tengja slíkar upplýsingar við aðrar persónugreinanlegar upplýsingar.

Frekari upplýsingar

Vegna frekari upplýsingar um málefni sem snúa að persónuupplýsingum má hafa samband við skrifstofu Hk.

Hjálparstarf kirkjunnar

Háaleitisbraut 66

103 Reykjavík

Sími: 528 4400

Netfang: help@help.is

Yfirferð og endurskoðun persónuverndarstefnu Hk

Persónuverndarstefna Hk er endurskoðuð reglulega og uppfærð ef tilefni er til.

Síðast var stefnan uppfærð þann 12.7.2018